

# Afhverju færð þú ekki sýklalyf þó þú sért veikur?



- Það er ekki af því að læknirinn vill ekki hjálpa þér að ná bata.
- Það er mat læknis að sýklalyf muni ekki koma að gangi í þínu tilfalli eða
- Sýklalyf eru ekki nauðsynleg til að ná bata í þínu tilfalli.
- Lækni ber skylda að huga að líðheilsu almennt og reyna vinna á móti lyfjaónæmi sýkla í samfélaginu

Sýklalyfjaónæmi sýkla er ein af stærstu ógnum líðheilsu á heimsvísu og er vaxandi vandamál

Það er mat WHO að um 1.27 milljón manns hafi dáið í heiminum árið 2019 af völdum ónæmra baktería. Svipaðar tölur ár hvert.

**BAKTERÍUR og VEIRUR eru ekki það sama.**

**Sýklar** valda sýkingum og sjúkdómum eins og kvefi, hálsbólgu, magakveisum, lungnabólgu ofl.

Bakteríur, veirur og sveppir geta verið sýklar

**Bakteríur** valda oft alvarlegri sýkingum en oft er hægt að drepa bakteríur með sýklalyfjum

**Veirur** valda gjarnan mildari sjúkdómum og líkaminn vinnur á þeim sjálfur. **Sýklalyf virka ekki á veirur!**

**Kvef, hálsbólga, kinnholusýkingar og magakveisa eru lang oftast vegna veirusýkinga**

# Sýklalyfjaónæmar bakteríur

- **Ónæmar** bakteríur eru bakteríur sem hafa lært að verjast ákveðnum sýklalyfjum. **Fjölónæmar** bakteríur hafa lært að verjast fleiri en einu sýklalyfi.
- Í hvert sinn sem sýklalyf er gefið skapast tækifæri fyrir bakteríur að læra á lyfið og mynda ónæmi.
- Ef bakteríusýking inniheldur nokkrar ónæmar bakteríur þá drepur sýklalyfið næmu bakteríurnar en ekki þær ónæmu. **Ónæmar bakteríur fá þá meira pláss og geta fjölgað sér óheft**
- Ónæmar bakteríur fjölga sér í sjúklingnum en líka umhverfinu. Þær geta líka „**kennt**“ næmum bakteríum ónæmið með genaflutningi
- Ónæmi baktería er **ekki bundið við einstakling** heldur samfélagið. Einstaklingur sem aldrei notar sýklalyf getur smitast af ónæmum stofnum
- Það er algengur misskilningur að ákveðin sýklalyf virka ekki á fólk. Það fer eftir tegundum og næmi baktería hvaða sýklalyf virka eða virka ekki, ágætt að hafa það í huga.

## 1. Blöndud bakteríusýking



Nokkrar bakteríur eru ónæmar

## 2. Sýklalyf gefin



Viðkvæmar bakteríur deyja


Ónæmar bakteríur lifa af

## 3. Ónæmar bakteríur fjölga sér



Ónæmar bakteríur taka vfir

## 4. Dreifing ónæmis



**Fleiri ónæmir sýklar!**